

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. nóvember 2018


Efni: Umsögn LUF um tillögu til þingsályktunar um dag nýrra kjósenda, 27. mál

Stjórn Landssambands ungmennafélaga (LUF) þakkar tækifærið til þess að veita tillögunni umsögn. LUF fagnar öllum tilraunum til að efla lýðræðislega þátttöku og telur hugmyndina um dag nýrra kjósenda afar jákvæða, einkum að það standi til að opna dyr Alþingis.

Nú þegar eru til vel útfærðar hugmyndir á lofti sem eru sambærilegar degi nýrra kjósenda, sem koma frá ungu fólki en skortir fjármagn. Telur LUF æskilegra að álíka frumkvæði komi frá grasrótinni og að félagasamtök haldi utan um skipulag og framkvæmd verkefnisins. Hagsmunafélög ungmenna og innflytjenda eru án vafa betur til þess fallin til þess að ná markmiðum verkefnisins. Leggur LUF því til að Alþingi álykti frekar að auglýsa eftir verkefnum sem stuðla að markmiði tillögunnar og veita fjármagn til slíkra verkefna.

LUF vekur athygli á að því er ranglega haldið fram í greinargerð að kosningaþátttaka ungs fólks fari dvínandi, þróunin er einmitt öfug. Kosningaþátttaka jókst í öllum aldurshópum á milli alþingiskosninganna 2016 og 2017 en mest hjá yngstu kjósendunum 18-19 ára, eða um 9,5 prósentustig.¹ Rannsóknir benda til þess að verkefni eins og #ÉgKýs skili árangri², sem er frumkvæði ungs fólks og framkvæmt af ungu fólki. Telur LUF því mikilvægt að ungt fólk og innflytjendur finni fyrir eignarhaldi á slíkum verkefnum svo þátttaka í þeim sé tryggð.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar LUF,



Tinna Isebarn,
Framkvæmdastjóri LUF
tinna.isebarn@youth.is

¹ Heimild: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/kosningar/althingiskosningar-28-oktober-2017/>.

² Magnús Þór Torfason og Hulda Þórisdóttir. (2017). „Ég Kýs ekki glæpamenn: Hvers vegna ungt fólk kýs ekki og hvernig má breyta því.“ Þjóðarspekillinn 2017 - Ráðstefna í félagsvísindum.